

Nd.

684. Frumvarp til laga

um ríkisstjóra Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Alþingi kýs ríkisstjóra til eins árs í senn, og fer hann með vald það, sem konungi er falið í stjórnarskránni.

2. gr.

Kosning ríkisstjóra fer fram í sameinuðu Alþingi.

Réttkjörinn ríkisstjóri er sá, er hefur meiri hluta greiddra atkvæða við óbundna kosningu, enda séu að minnsta kosti $\frac{3}{4}$ hlutar þingmanna á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslu. Hljóti enginn þann atkvæðafjölda við fyrstu kosningu, skal kosið óbundinni kosningu að nýju. Nú verður kosning þá eigi lögmæt, og skal þá kjósa um þá tvo menn, er flest fengu atkvæði við þá kosningu; en hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna, ræður hlutkesti, hvor þeirra verður ríkisstjóri.

Kosning skal vera skrifleg, og telst auður seðill greitt atkvæði.

3. gr.

Kjörgengur til ríkisstjóra er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu.

4. gr.

Nú deyr ríkisstjóri eða lætur af störfum áður en kjörtíma hans er lokið, og skal Alþingi þá kjósa nýjan ríkisstjóra, svo fljótt sem kostur er. Ákveða má þá, að sú kosning gildi einungis til næsta reglulegs Alþingis.

5. gr.

Nú verður sæti ríkisstjóra laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skal þá ráðuneyti Íslands fara með vald ríkisstjóra.

6. gr.

Ríkisstjóri má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja.

7. gr.

Ríkisstjóra skulu greiddar af ríkisfé þrjátíu þúsundir króna í laun á ári, auk útlagðs kostnaðar. Hann hefur gjaldfrjálsan bústað, ljós og hita, og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

8. gr.

Ríkisstjóri vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

9. gr.

Ríkisstjóri er ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum. Hann verður eigi sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.

10. gr.

Ríkisstjóri hefur aðsetur í Reykjavík eða næsta nágrenni.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi í samræmi við yfirlýsingu þess um kosningu ríkisstjóra.